

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 89/2013****2013/EES/61/39****frá 3. maí 2013****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/65/ESB frá 20. október 2010 um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum og um niðurfellingu á tilskipun 2002/6/EB ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2010/65/ESB fellur úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/6/EB ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 56I (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/6/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn hljóði svo:

„**32010 L 0065**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/65/ESB frá 20. október 2010 um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum og um niðurfellingu á tilskipun 2002/6/EB (Stjtið. ESB L 283, 29.10.2010, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samninginn varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Orðin „og yfirráðasvæðum EFTA-ríkjanna“ bætist við á eftir orðunum „tollsvæði Sambandsins“ í 9. gr.
- b) Í stað orðanna „þess svæðis“ í 9. gr. komi orðin „þeirra svæða“.
- c) Eftirfarandi bætist við í lok 9. gr.:
„Þessi undanþága gildir ekki um formsatriði við skýrslugjöf sem tengjast tollamálum.“
- d) Vísanir í aðrar gerðir í tilskipuninni teljast gildar að svo miklu leyti og í þeirri mynd sem slíkar gerðir hafa verið felldar inn í samninginn.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2010/65/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. maí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(¹) Stjtið. ESB L 283, 29.10.2010, bls. 1.

(²) Stjtið. EB L 67, 9.3.2002, bls. 31.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. maí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.